

Reykjavík, 4. nóvember 2020

Verkefnisstjórn um gerð landsáætlunar um skógrækt

Fuglavernd hefur borist beiðni dagsett 20. október 2020 frá Hrefnu Jóhannesdóttur, ritara verkefnisstjórnar landsáætlunar um skógrækt (LSK), um svör við 13 númeruðum spurningum. Boðið er upp á viðtal við fulltrúa Skógræktarinnar þar sem fulltrúar Fuglaverndar svara spurningunum þrettán. Fuglavernd kýs að hafa þann háttinn á að svara spurningunum skriflega. Jafnframt fagnar Fuglavernd tækifæri til að eiga samtal við fulltrúa Skógræktarinnar um einstaka áhersluþætti í svari Fuglaverndar og stjórnarmenn mæta því til boðaðs fundar.

Svör Fuglaverndar eru hér að neðan og jafnframt er í þeim texta að finna gagnspurningar félagsins um einstaka þætti sem ekki er tæpt á í spurningalista Skógræktarinnar. Spurningar verkefnisstjórnar LSK eru feitletraðar og fylgt eftir með svari Fuglaverndar.

1. Hvaða forsendur finnst þér að ættu að liggja að baki landvali til skógræktar m.t.t. náttúruverndar, minjaverndar og landslags?

Fuglavernd er náttúruverndarfélag sem helgar sig vernd íslensku fuglafánunnar. Minjavernd sem slík snertir ekki hagsmuni félagsins og við tökum ekki afstöðu til þeirra mála hér, en landslagsvernd eða ásýnd landsins er órjúfanlegur þáttur náttúruverndar. Fuglavernd telur að Náttúruminjaskrá skuli vera notuð til að útiloka svæði til skógræktar. Einnig að sama gildi um lista yfir mikilvæg fuglasvæði (sjá <https://www.ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>) og vistgerðir með hátt verndargildi (sjá <https://www.ni.is/grodur/vistgerdir>). Jafnframt er það krafa Fuglaverndar að AEWA samningurinn verði listaður upp meðal þeirra alþjóðlegu samninga sem ber að taka tillit til við val á landi til skógræktar. Jafnframt að tillögum AEWA varðandi skógrækt á Íslandi verði fylgt (sjá <https://www.unep-awa.org/en/document/bern-convention-recommendation-no-190-2016-conservation-natural-habitats-and-wildlife>). Í þessu samhengi viljum við líka vísa í kafla 6.1 um vernd búsvæða á bls. 75 í skýrslunni „Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Lagaleg og stjórnsýsluleg staða og tillögur um úrbætur“ (https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/pdf_skrar/vernd-velferd-og-veidar-loka-8-mai-2013.pdf). Fuglavernd hvetur jafnframt til að við val á landi til skógræktar verði tekið tillit til þeirrar vinnu sem er í gangi varðandi villidýralögin og þá umfjöllun sem svokallaðar „ábyrgðartegundir“ fá þar (sjá [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2559](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2559)) og um stefnumótun varðandi líffræðilega fjölbreytni (sjá <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/01/10/Vinna-vid-nyja-stefnumotun-fyrir-liffraedilega-fjolebreytni-ad-hefjast/>). Við munum fjalla nánar hér að neðan um hlutskipti svokallaðra ábyrgðategunda úr hópi fugla.

2a. Hversu mikla áherslu á að leggja á vernd og endurheimt náttúruskóga og hverjar eiga áherslurnar að vera? (T.d. vernd núverandi skóga og þá hvernig? Aukin útbreiðsla með gróðursetningu, sjálfsáningu eða breyttri landnotkun?)

2b. Hver er æskileg útbreiðsla náttúruskóga sem % af landinu?

Hvað eru náttúruskógar? Okkar skilningur er sá að hér sé átt við land vaxið birki (*Betula pubescens*), þið leiðréttið ef þetta er misskilningur. Við teljum að það beri að vernda núverandi birkiskóga og að það verði best gert með stýringu á sauðfjárbreit, með því að taka alfarið fyrir að gróðursetja barrtré eða aðrar framandi tegundir í eða við náttúrulega birkiskóga og með því að setja blátt bann við eyðileggingu birkiskóga vegna framkvæmda. Þá ætti aukin útbreiðsla birkiskóga að ráðast að einhverju leyti af sjálfsáningu samhliða náttúrulegri framvindu gróðurs sem síðan endurspeglast í landnotkun og veðurfari, en auk þess skal líta til sögulegra heimilda um útbreiðslu náttúrulegra birkiskóga sem hafa eyðst og endurheimta þá eftir því sem aðstæður leyfa, í anda vistheimtar.

Það er mat Fuglaverndar að það sé tóm mál að tala um „æskilega útbreiðslu náttúruskógar sem % af landi“ eina og sér og án þess að skoða hversu mikið land er til skiptanna. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er land neðan 400 m hæðarlínunnar samtals 44.391 km² og af því henta mögulega til skógræktar samtals 24.173 km². Þar af eru 12.371 km² mólendi og 3,534 km² graslendi, annað eru moldir, moslendi og melar og sandar (8.269 km²). Stefna Skógræktarinnar samkvæmt ritinu „Skógar á Íslandi stefna á 21. öld“ (https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/Skogstefna-jan-2013.pdf) er sú að eftir 90 ár, eða um árið 2110, verði 12.000 km² af skógi í landinu. Miðað við að nú séu birkiskógar og plantaðir skógar um 2.000 km² er viðbótin 10.000 km². Samkvæmt þessu er framtíðarsýn Skógræktarinnar að 42% af opnu landi neðan 400 m hæðarlínunnar verði breytt á einn eða annan máta í skóg á næstu 100 árum. Það er þetta opna land, úthagi, sem er meginvarpland ábyrgðartegunda líkt og lóupræls (85% varpstofns finnst neðan 400 m), heiðlóu (71% varpstofns), spóa (95% varpstofns), stelks (100% varpstofns) og jaðrakans (100% varpstofns finnst neðan 400 m). Nái þetta fram að ganga er ljóst að skógrækt mun spilla búsvæðum þessara fugla varanlega og mun að öllum líkindum leiða til fækkunar í stofnum þeirra. Við vísum annars í nýlega grein eftir Tómas Grétar Gunnarsson þar sem fjallað er um búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla (Náttúrufræðingurinn 90 (2-3) bls. 145-162, 2020)

Fuglavernd hvetur til þess að ofangreint markmið verði endurskoðað og spyr Skógræktina: eru tillögur um hvernig megi meta þessa vísu sem blasir við vaðfuglunum og eru áætlanir um hvernig eigi að bregðast við til að lágmarka mögulegt tjón?

Í þessu samhengi vill Fuglavernd benda á mikilvægi þess að gera heildstæða rammaáætlun um landnotkun, en skógrækt er ein gerð landnotkunar. Áður hefur verið bent á nauðsyn þess á opinberum vettvangi, en í skýrslunni „Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Lagaleg og stjórnsýsluleg staða og tillögur um úrbætur“ (https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/pdf_skrar/vernd-velferd-og-veidar-loka-8-mai-2013.pdf) kemur fram á bls. 83 að: „Nauðsynlegt er að gera rammaáætlun fyrir landnotkun og varðveislu búsvæða villtra dýra á landsmælikvarða að undangenginni flokkun búsvæða/vistgerða og rannsókna á búsvæðavali tegunda t.d. í samræmi við leiðbeiningar vistgerðartilskipunarinnar. Slík áætlun er t.d. nauðsynleg svo hægt sé að meta og ákveða hversu stórt heildarflatarmál búsvæða einstakra tegunda í

landinu ætti að vera óraskað með hliðsjón af markmiðum um stofnstærðir (sjá kafla 5 og 6.2). Aðrar áætlanir sem taka til landnotkunar, s.s. náttúruverndaráætlun, rammaáætlun um orkunýtingu og landsskipulag búa ekki yfir nægri nákvæmni hvað varðar skilgreiningu búsvæða og vernd heildarflatarmáls til að hægt sé að byggja á þeim vernd búsvæða og dýralífs, en slíkar áætlanir þyrftu tvímælalaust að hafa stoð í vandaðri rammaáætlun um landnotkun og búsvæði. Áætlunin ætti að hafa sterka tilvísun í lögum, t.d. lögum um náttúruvernd (44/1999), skipulagslögum (123/2010) og öðrum lögum sem fjalla um landbreytingar, en víða í lögum skortir vægi til að fylgja eftir ágætum markmiðum laga um vernd búsvæða og náttúru.“

Fuglavernd spyr: hver er afstaða Skógræktarinnar til slíkrar rammaáætlunar um landnotkun?

3a. Hversu mikilvægt finnst þér að byggja upp skógarauðlind til viðarnytja, og hvernig sérð þú framtíðarnytjar skóga þróast hvað varðar umfang og tegund nýtingar?

3b. Er timburöryggi mikilvægt?

Fuglavernd hefur verulegar efasemdir um raunverulega arðsemi og samkeppnishæfni skógræktar á Íslandi. Þessi Bjarmalandsferð er alfarið kostuð af ríkinu með peningum skattborgara. Peningalegan arð, sem í besta falli verður að teljast óviss, á að uppskera eftir 50 til 100 ár. Miðað við þau náttúrugæði sem eru í húfi, þ.á m. framtíðarheill íslenskra mófuglastofna, teljum við betur heima setið en af stað farið.

Svar við spurningu 3a er því: Ekki mikilvægt, og svar við spurningu 3b er: Nei.

4a. Í hverju felst sjálfbær skógrækt/nýting skóga?

4b. Hvernig tryggjum við hana?

Að mati Fuglaverndar er ræktun birkiskóga sjálfbær skógrækt. Hér er stuðst við tegund sem er náttúruleg í landinu en ekki notaðar framandi tegundir sem mögulega eru eða gætu orðið ágengar, líkt og t.d. stafafura (*Pinus contorta*).

5a. Telur þú skógrækt geta haft mikilvæga þýðingu í atvinnuþróun og viðhaldi/eflingu byggðar?

5b. Hvernig helst?

Líkt og segir í svari við spurningu 3 þá er skógrækt í stórum stíl líkt og hún er stunduð á Íslandi ríkisstyrkt og lífsstíll frekar en arðsöm atvinna. Án fjármagns úr vasa skattborgara væri skógrækt lítil og rekin áfram af sjálfböðavinnu eldhuga. Ein röksemd fyrir skógrækt er að hún viðhaldi búsetu úti í hinum dreifðu byggðum landsins. Fuglavernd dregur mikilvægi skógræktar við að viðhalda byggð í efa. Það er reynsla stjórnarmanna á ferðum þeirra um landið og samskiptum við landeigendur að oftast en ekki eru skógræktarjarðir í eigu fólks með lögheimili í þéttbýli fjarri vettvangi.

Fuglavernd vill því spyrja Skógræktina: Hefur búseta þeirra sem fá styrki til skógræktar og hvar þeir stunda sína skógrækt, verið rannsökuð? Það væri mikilvægt að fá svar við þessari spurningu.

- 6a. Hversu mikilvægt er aðgengi fólks að skógum til útivistar?
- 6b. Hvaða ágóði er af því fyrir einstaklinga?
- 6c. Fyrir samfélagið?
- 6d. Fyrir skógareigendur?
- 6e. Hvernig er best að tryggja aðgengi almennings að skógum til útivistar?

Fuglavernd svarar spurningum 6a-6e almennt og með tilliti til hagsmuna þeirra sem stunda fuglaskoðun. Skógar fóstora auðugt fuglalíf. Þættir sem auka ríkidæmi skóganna með tilliti til fugla eru hversu opinn skógurinn er og hvort þar sé undirgróður eða ekki; fjölbreytileikinn verður meiri í opnum skógi með ríkulegum undirgróðri s.s. berjarunnum. Forsenda fuglaskoðunar er hægt sé að komast um landið og að þar séu göngustígar. Hin forna merking orðsins „eyðimörk“ verður öllum ljós sem reyna að fara um ógrisjuð skógræktarsvæði.

7. Hvernig er best hægt að tryggja að samspil skógræktar og líffræðilegrar fjölbreytni verði farsælt fyrir hvort tveggja?

Fram kemur að eitt af markmiðum LSK sé að „vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni“, og gera skuli grein fyrir „skógrækt í samhengi líffræðilegrar fjölbreytni“. Mikilvægt er að allir hafi sama skilning á notkun og áhrifum þessa hugtaks, sú hefur ekki verið raunin. Lagt hefur verið til að skilgreina líffræðilegra fjölbreytni á eftirfarandi hátt (bls. 51 hér: https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/pdf_skrar/vernd-velferd-og-veidar-loka-8-mai-2013.pdf): „Líffræðileg fjölbreytni: Breytileiki meðal lífvera á öllum stigum lífríkis, þar með talin öll vistkerfi á landi, í sjó og ferskvatni og vistfræðileg tengsl þeirra. Hugtakið nær til fjölbreytni innan tegunda, milli tegunda og fjölbreytni vistkerfa.“ Í þessu samhengi skiptir miklu máli hvaða landfræðilegur mælikvarði er notaður. Líta ber á alla jörðina sem eina heild, þar sem markmiðið er að vernda fjölbreytileika hennar á heimsvísu. Að þessu sögðu er mikilvægt að hafa í huga að hægt er að auka fjölbreytni á smáum landfræðilegum skala, t.d. með framandi tegundum (ef eingöngu er litið á heildarfjölda tegunda á viðkomandi stað), en slík aðgerð gæti haft neikvæð áhrif á fjölbreytni á stærri skala ef gengið er á náttúruleg vistkerfi eða innlendar tegundir með aðgerðinni. Í LSK þarf að koma skýrt fram hvað nákvæmlega sé átt við með notkun hugtaksins.

Það er mat Fuglaverndar að mikilvægt sé að fjalla í LSK um þær hættur sem stafa af ágengum framandi tegundum og mikilvægi þess að nota ekki slíkar tegundir í skógrækt. Fuglavernd telur að eftir fremsta megni ætti eingöngu að nota innlendar tegundir við skógrækt, þar sem framandi tegundir sem ekki teljast ágengar í dag gætu hæglega orðið það síðar að loknum tregðufasa sem flestar framandi tegundir ganga í gegnum, eða vegna loftlagsbreytinga. Sú einsleitni sem fylgir ræktuðum skógum getur verið ógn við svæðis- og landsbundin sérkenni og þá líffræðilegu fjölbreytni sem á þeim byggir. Jafnframt ættu þær kröfur að fylgja

skógrækt að þeir sem að henni standa á hverjum stað tryggja að þær framandi tegundir sem þar eru notaðar berist ekki út fyrir hinn ræktaða skóg.

Í þessu samhengi vill Fuglavernd spyrja Skógræktina: eru áætlanir og eða verkferlar í gangi til að hemja þær framandi tegundir sem notaðar eru í skógrækt ef þær skyldu gerast ágengar og tryggja að þær breiðist ekki út til nærliggjandi búsvæða?

8a. Hversu mikilvæg er skógrækt sem aðgerð til að stemma stigu við hraðfara loftslagsbreytingum?

8b. Hvernig er best að aðlaga skógrækt að þeim breytingum sem fyrirséðar eru?

Það er augljóst að Skógræktin notar núorðið mögulega „kolefnisbindingu“ samfara skógrækt sem eina af meginröksemdum fyrir aukinni útpenslu. Fuglavernd dregur í efa skilvirkni þessa kosts í samanburði við aðrar leiðir til kolefnisbindingar s.s. endurheimt votlendis og niðurdælingu. Árangur er óviss, þetta tekur mjög langan tíma og fórnarkostnaður of hár (örlög mófuglastofna). Sumar af þeim forsendum sem gefnar eru varðandi bindingu með skógrækt orka tvímælis, svo sem niðurbrot lífrænna efna í jarðvegi samfara skógrækt á framræstu votlendi, hvað verður um grisjunarvið, lotulengd og hvað verður um loka uppskeruna? Í þessu sambandi vill Fuglavernd vitna í bókina „The hidden life of Trees“ eftir skógfræðinginn Peter Wohlleben (<https://www.goodreads.com/book/show/28256439-the-hidden-life-of-trees>). Peter kemst að þeirri niðurstöðu að raunveruleg kolefnisbinding gangi ekki upp með nytjaskógrækt heldur verði skógurinn að vaxa og þróast eftir eigin lögmálum og hin eiginlega kolefnisbinding verði ekki meðan trén eru í vexti heldur er gömul tré falla og jarðgerast. Fyrst þá er bindingin endanleg en þetta ferli tekur 500 ár eða lengri tíma. Það hefur ekki eflt trú stjórnarmanna Fuglaverndar á kolefnisbindingu með skógrækt að sjá stóra flutningabíla, drekkhlaðna af grisjunarvið, bíl eftir bíl, stefna til brennsluofnana hjá Elkem á Grundartanga. Í þessum efnum verður ekki bæði haldið og sleppt!

9a. Hversu mikilvægar eru rannsóknir fyrir skógræktarstarfið.

9b. Finnst þér vera næg áhersla á rannsóknir?

9c. Finnst þér nóg gert í því að miðla þekkingu og upplýsingum um skógrækt?

Fuglavernd ber mikla virðingu fyrir því rannsóknastarfi á sviði náttúrufræði sem fram fer hjá Skógræktinni. Einnig, hvernig Skógræktin miðlar þessari þekkingu bæði á vef sínum, árssiti og greinum fræðimanna sem starfa hjá stofnuninni er lofsvert. Að þessu sögðu vill Fuglavernd hvetja til þess að Skógræktin standi fyrir fræðilegu mati á mögulegum áhrifum skógræktar á mófuglastofna og þá á stórum landfræðilegum kvarða. Málflutningur líkt og hjá virðulegum skógræktarstjóra, Presti Eysteinsyni, gengur ekki upp til lengdar litið (<https://www.skogur.is/is/um-skograektina/frettir-og-vidburdir/frettir-og-pistlar/loan-spoinn-og-skogurinn>). Á Skógræktinni hvílir sú skylda að greina undanbragðalaust hver fórnarkostnaðurinn sé af aðgerðum þeirra.

10a. Hvað veist þú um stjórnsýslu/eftirlit um ástand og nýtingu skóga?

10b. Hverjar eiga áherslur að vera við að stuðla að því að farið sé að lögum/stefnu í skógrækt?

Fuglavernd játar vanþekkingu sína á þessum málaflokki og við hvetjum Skógræktina til að kynna þetta fyrirkomulag betur fyrir almenning (10a-10b). Það hefur þegar komið fram áður hjá Fuglavernd að félagið fagnar LSK og mikilvægi þess að tekið sé tillit til ólíkra sjónarmiða við slíka stefnumörkun til framtíðar.

11a. Hverjar eiga áherslur að vera varðandi eldvarnir í skógum/skógi vöxnu umhverfi?

11b. Hvað með önnur öryggismál, t.d. gagnvart slysum við vinnu í skógum?

Fuglavernd hefur ekki mikla skoðun á þessum málum sem slíkum (11a-11b). Félagið vill þó benda á þá augljósu eldhættu sem þeim er búin sem sækja sumarhúsbyggðir í skógum.

12. Finnst þér að breyta þurfi hlutfallslegum áherslum skógræktar miðað við skífuritið hér að ofan og þá hvernig?

Fuglavernd telur að Skógræktin ætti að verja meira fé í rannsóknir á áhrifum skógræktar á annað lífríki.

13. Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

Það má öllum vera ljóst að til lengri tíma litið er verndarstaða íslenskra mófugla bág. Það er mat Fuglaverndar að samhliða þreifingum líkt og lýst er með LSK beri að vinna verndaráætlun fyrir íslenska mófugla. Þannig verða möguleikar á því bæði að meta ógnina sem fyrir hendi er og eins mögulega að bregðast við henni.

Fyrir hönd Fuglaverndar,



Ólafur K. Nielsen, formaður Fuglaverndar